

FUNDARGERÐ

Árið 2022, miðvikudaginn 28. janúar kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 10. desember og 22. desember 2021

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundi ráðgjafarnefndar 10. desember 2021 annars vegar og 22. desember 2021 hins vegar.

Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagðar voru fram til kynningar helstu hugmyndir sem til umræðu eru í starfshópi um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Nefndin mun áfram fylgjast með framgangi verkefnisins.

3. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög vegna veituframkvæmda á lögbýlum. Alls er um að ræða framlög til 45 vatnsveitna samtals að fjárhæð 21,4 m.kr.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

4. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Framlög til landshlutasamtaka 2022 vegna samstarfsverkefna.

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna 2022. Allt frá árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu Sóknaráætlunir landshluta en framlaginu er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Samtals miðar áætlunin við að framlög nemi 43,8 m.kr. Er það 3,1 m.kr. hækkun frá árinu 2021.

Að lokinni umfjöllun var áætlunin samþykkt.

5. Sameiningar sveitarfélaga

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi sameiningarnefndar Húnavatnshrepps og Blönduósþéttbýlis þar sem sótt er um framlag til að undirbúa og koma á fót Umhverfisakademíu að Húnavöllum. Sótt er um 20 m.kr. styrk á þessu ári og 20 m.kr. styrk vegna ársins 2023.

Við undirbúning sameiningar Blönduósþéttbýlis, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar á síðasta ári var sótt um framlag til ráðgjafarnefndar sjóðsins vegna undirbúnings Umhverfisakademíunnar og samþykkti nefndin þá að veita framlag allt að fjárhæð 10 m.kr. á árinu 2021 og 10 m.kr. á árinu 2022, samtals 20 m.kr. gegn því skilyrði að af sameiningunni yrði.

Nefndin var jákvæð í garð áframhaldandi stuðnings og samþykkti framlag að fjárhæð 40 m.kr. á tveimur árum með því skilyrði að af sameiningunni yrði.

6. Samkomulag vegna eflingar tónlistarfræðslu

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda við tónlistarnám.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt framlög vegna tónlistarfræðslu síðan árið 2011 á grundvelli samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda við tónlistarnám. Síðasta samkomulag tók gildi 1. janúar 2019 en rann út um síðustu áramót. Fyrir liggja drög að nýju samkomulagi og aðilar að samkomulaginu eru mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt þarf fjármála- og efnahagsráðherra að samþykkja samkomulagið á grundvelli 40 gr. laga um opinber fjármál.

Engar athugasemdir voru gerðar.

7. Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Lagðar voru fram til kynningar og umræðu helstu niðurstöður eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um fjárhagstöðu sveitarfélaga.

8. Framlög vegna fatlaðs fólks – breytingar á regluverki

Teknar voru til umræðu mögulegar breytingar á útreikningum almennra framlaga vegna fatlaðs fólks.

Nefndin mun halda áfram að ræða mögulegar breytingar á þessu regluverki á næstu fundum sínum.

9. Vinnureglur um úthlutun framlaga úr fasteignasjóði vegna aðgengismála

Lagt var fram erindi Bergrisans bs., ásamt minnisblaði starfsmanni Jöfnunarsjóðs, þar sem óskað er eftir að vinnureglur um úthlutun framlaga úr fasteignasjóði vegna aðgengismála verði teknar til endurskoðunar. Lagt er til að reglurnar kveði á um að ef fjármagn til þjónustusvæðis sé ekki fullnýtt skuli dreifa því hlutfallslega á verkefni innan svæðisins, enda fari kostnaðarþátttaka sjóðsins ekki yfir 50%.

Að lokinni umræðu ákvað nefndin að fresta afgreiðslu erindisins og taka málið upp á næsta fundi sínum.

10. Erindi frá BsVest

Lagt var fram erindi frá BsVest vegna ferðakostnaðar starfsmanna í búsetuþjónustu á Ísafirði. Málið varðar einstakling sem þarf reglulega að fara til Reykjavíkur vegna veikinda sinna. Þurfa þá starfsmenn sem þjónusta hann á heimili hans á Ísafirði að fylgja honum. Ferðirnar til Reykjavíkur eru mislangar. Þjónustan, sem einstaklingnum býðst á sjúkrahótelu í Reykjavík, uppfyllir ekki þjónustuþarfir einstaklingsins. Í lengri ferðum hafa starfsmenn þurft að skipta á milli sín tímabilum. Ísafjarðarbær hefur þurft að greiða háan launakostnað vegna þessa, svo og gistingu og fæði starfsmanns á sjúkrahótelinu. Þá hefur Ísafjarðarbær greitt allan ferðakostnað einstaklingsins og aðstoðarmanna hans.

Sjúkratryggingar Íslands hafa endurgreitt ferðakostnað einstaklingsins og fylgdarmanna hans þegar þeir ferðast saman. Hins vegar greiða Sjúkratryggingar ekki fyrir ferðakostnað aðstoðarmanna þegar þeir ferðast án einstaklingsins. Ísafjarðarbær hefur því borið þann kostnað. Einnig er launakostnaður fyrir þjónustuna í Reykjavík ásamt fæðis- og gistikostnaði langt umfram það sem kostnaður væri ef sambærileg þjónusta væri veitt einstaklingi sem byggi á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin vill bóka eftirfarandi vegna málsins: Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vill vekja sérstaka athygli á þeim ójöfnuði sem sveitarfélög á landsbyggðinni búa við hvað þetta varðar. Þá er nefndin þeirrar skoðunar að Sjúkratryggingum Íslands beri að greiða slíkan kostnað sem um ræðir.

11. Árleg ferð og næsti fundur

Rætt var um að árleg ferð ráðgjafarnefndar yrði 23. – 25. maí næstkomandi. Stefnt er á að heimsækja Norðurland vestra.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 18. mars en hugsanlega verði boðað til Teams-fundar í millitíðinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið laust eftir klukkan tvö.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson